

FUNDARGERÐ

Árið 2021, mánudaginn 29. mars kl. 10:00, kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fjarfundar á Teams.

Fundinn sátu: Guðný Sverrisdóttir formaður, nefndarmennirnir Ásta Stefánsdóttir, Birgir Björn Sigurjónsson, Karen E. Halldórsdóttir, Margrét Þórarinsdóttir, Stefán Vagn Stefánsson ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Guðna Geir Einarssyni, Gústav Aron Gústavssyni, Hrafnkatli Hjörleifssyni og Tinnu Dahl Christiansen, sem ritaði fundargerð.

Daníel Jakobsson boðaði forföll.

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð frá 5. mars 2021

Erindinu var frestað fram á næsta fund.

2. Ferð ráðgjafarnefndar árið 2021

Fyrirhuguð var ferð ráðgjafarnefndar um Norðurland vestra 19.-21. maí, en þörf var á því að breyta dagsetningunni þar sem landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga var frestað til 21. maí. Tekin var ákvörðun um að færa ferðina fram til 10.-12. maí.

3. Útgjaldajöfnunarframlög 2021

Enduráætlun framlaga

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 26. mars 2021, ásamt upplýsingum er liggja að baki enduráætluðum útgjaldajöfnunarframlögum fyrir árið 2021. Áætlunin tekur m.a. mið af uppfærðum íbúafjölda frá 1. janúar 2021 og uppfærðum hámarkstekjum í hverju sveitarfélagi er taka mið af útreikningi endanlegra tekjujöfnunarframlaga árið 2020 vegna tekjuskerðingar.

Ráðgjafarnefnd fór yfir forsendur er varða enduráætlun A- og B-hluta framlaganna fyrir árið 2021 og ákvað að leggja til við ráðherra að áætlunin verði samþykkt.

4. Almenn grunnskólaframlög 2021

Enduráætlun framlaga

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 26. mars 2021, ásamt forsendum er liggja að baki enduráætluðum almennum jöfnunarframlögum vegna grunnskóla fyrir árið 2021. Áætlunin tekur mið af uppfærðum íbúafjöldatölum frá 1. janúar 2021 og uppfærðum útsvarsstofni sveitarfélaga vegna tekna 2019 og áætlun um útsvarstekjur á árinu 2020.

Nefndin gerði ekki athugasemdir við áætlunina og leggur til við ráðherra að áætlunin verði samþykkt.

5. Næsti fundur

Ákveðið var að næsti fundur nefndarinnar yrði 23. apríl kl. 11:30.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 10:25.

Guðný Sverrisdóttir

Ásta Stefánsdóttir

Birgir Björn Sigurjónsson

Daníel Jakobsson

Karen E. Halldórsdóttir

Margrét Þórarinsdóttir

Stefán Vagn Stefánsson